

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax ehf.(áður Fisk Seafood ehf) Þorlákshöfn



Dags eftirlits	3.12.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Arnarlax ehf.(áður Fisk Seafood ehf)	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Laxabraut 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	461289-1269	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Matthew Chernin	ÍSAT nr.	03.22.00
Fulltrúi fyrirtækis	Hjörtur Methúsalemsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik kom fram við eftirlitið en tvær ábendingar eru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt á grundvelli 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Síðan seinasta eftirlit fór fram hefur stöðin verið seld og farið fram handhafabreyting á starfsleyfi hennar. Breytingin tók gildi þann 18. nóvember sl. og færðist með henni öll réttindi og skyldur sem koma fram í starfsleyfinu yfir á hendur Arnarlax ehf.

Í stöðinni hefur FISK Seafood alið bleikju til slátrunar en Arnarlax hyggst ala í stöðinni laxaseiði til útsetningar í sjókvíaelði fyrirtækisins á Vestfjörðum. Stöðin hefur því verið tæmd af bleikju og hefur Arnarlax hafið ferlið til að fá starfsleyfinu breytt svo það heimili eldi laxaseiða.

Farið var í vettvangsferð til staðfestingar á því að stöðin sé tóm. Gengið var um stöðina því til staðfestingar ásamt því að umgengni var skoðuð.

Farið var yfir með fulltrúa rekstraraðila þær kröfur sem stofnunin gerir varðandi tilkynningar þegar rekstur hefst aftur í stöðinni og gagnaskil vegna almanaksársins 2021.

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun bendir á að skv. gr. 3.4 í starfsleyfi skal rekstraraðili taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins árs. Rekstraraðili athugi því að skila skal ársyfirliti fyrir 1. maí nk. og í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður skráninga og mælinga alls ársins 2021, þar á meðal þess tíma sem rekstur stöðvarinnar var á höndum fyrri rekstraraðila.

Stofnunin bendir einnig á að þegar fiskeldisstöðin verður tekin í nokun aftur skal tilkynna eftirlitsaðila um það, sbr. gr. 1.6 í starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.12.2021

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir